

Nd.

38. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, lögum um breyting á þeim lögum, nr. 23, 20. okt. 1913, og nr. 24, 3. nóv. 1915, svo og lögum nr. 25, s. d., um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Flutningsmaður: Gísli Sveinsson.

Helmingur allra sekta, er nefnd lög leggja við brotum gegn ákvæðum þeirra, renni í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Menn tala mikið um, að aðflutningsbannslögin sju mjög brotin hjer og þar um landið. Ekki er vafi á því, að þetta er talsvert orðum aukið víða. Enda þarf engan að furða á, nje heldur neinn að kippa sjer upp við það, þótt nokkur brot eigi sjer stað á þessum lögum eins og öðrum. Þá fyrst, er hneyksli veldur, er orð á því gerandi.

Til þess að reyna að fyrirbyggja þetta, tjóar ekki að hugsa til fleiri breytinga en þegar eru gerðar til skerpingar bannlögunum. Lögin eru nú nógu ströng; ágallinn liggur ekki þar. Sektir eru nú lagðar, að segja má, við öllum mögulegum yfirtroðslum. Það er *framkvæmd* laganna, sem er ábótavant, ef nokkuð er.

En hvað verður gert til þess að bæta hana? Lögreglustjórum (og lög-reglunni, sem er) er skylt að halda uppi þessum lögum sem öðrum. Það getur hvorki komið til mála að bera sjerstaklega fje á þá, til þess að gæta þessara laga, nje heldur »launa« sjerstaka bannlögreglu. Það fordæmi er óhæft, enda mundi slíkt að engu haldi koma, og það af mörgum ástæðum, er eigi þarf að greina hjer. Talsmál getur því ekki verið um að veita svo og svo mikið fje til þessa út af fyrir sig.

Tvent er það, sem að haldi getur komið — og á að skera úr því, hvort bannlögin eru viðhlítandi eða ekki til framkvæmdar, — sem sje

1) sjerstök tollgæsla í Reykjavíkurkaupstað (um það hljóðar annað frv., sem fram er komið), er líka verður að telja ella bráðnauðsynlegt að stofna til, og enn fremur

2) tilraun sú, sem þetta frv. fer fram á að gerð sje til þess að vekja áhuga í hjeruðunum fyrir upphaldi laganna. Eins og kunnugt er, þá er svo kveðið á í aðfl.bannslögunum frá 1909 (20. gr.), að *sveitastjórn*um og lögreglustjórum sje sjerstaklega *skyllt* að sjá um, að lögunum sje hlýtt.

Það er ekki ólíklegt, að sveitarstjórnirnar og einstaklingarnir ljetu sjer að einhverju annara um lögin en nú á sjer stað, ef sveitarfjelag þeirra nýtur góðs af beinlínis, þannig að einhver hluti af sektum fyrir brot renni þangað, en eigi alt í landssjóð. Raddir hafa og komið fram í þessa átt úti um landið.

Það virðist rjett að gera þessa ákvörðun um hálfar sektirnar, en upptækt áfengi verður eftir sem áður alt eign landssjóðs.

Áfengislöggjöfin, eins og hún er nú, er öll saman komin í lögum þeim, sem nefnd eru í fyrirsögn frv. (og þótti rjett að láta þar ganga jafnt yfir), að viðbættum þeim tvennum lögum, sem óþarft var að taka með, sem sje lög nr. 26, 11. nóv. 1899, um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, og lög um viðauka við þau, nr. 12, 22. okt. 1912. Þar er einmitt svo ákveðið, að sektir fyrir brot renni *allar* í sveitarsjóð og einnig andvirði upptæks áfengis.

Nánari skýringar verða gefnar við framsögu frv.